



Tvö gull og eitt brons á Íslandsmeistaramóti

Valgerður, Íslandsmeistari í sveigboga kvenna. Ljósmynd: BFSÍ.

Valgerður E. Hjaltested, frá Hæli í Hreppum, varð Íslandsmeistari í sveigboga kvenna í fyrsta sinn á Íslandsmeistaramóti í bogfimi innanhúss um sem fram fór um liðna helgi. Valgerður vann einnig Íslandsmeistaratitilinn í félagsliðakeppni sveigboga kvenna ásamt liðsfélögum sínum, Marín Anítu Hilmarisdóttur og Melissu Pampoulie.

Lengsta óbrotna sigurröð Íslandsmeistaratitla í sveigboga kvenna í íþróttinni lauk á Íslandsmeistaramóti þegar að Valgerður sigraði Marín Anítu Hilmarisdóttur 6-4 í úrslitaleiknum. En Marín hefur unnið síðustu fjóra Íslandsmeistaratitla í röð í sveigboga kvenna. Valgerður og Marín keppa reglubundið í úrslitaleikjum á mótum á Íslandi og Valgerður hefur aðeins einu sinni áður unnið Marín. Valgerður tjáði að markmið hennar hafi alltaf verið að vinna Marín, „þar sem hún er heimsklassa“.

Brons í kynlausri keppni

Þá hreppti Valgerður einnig brons í keppni um Íslandsmeistaratitil unisex (keppni óháð kyni) sem er ný viðbót hjá Bogfimisambandi Íslands. Keppninni var bætt við til þess að stuðla að keppni milli karla og kvenna og til að opna tækifæri fyrir þau sem eru annað en karlar eða konur



Sigurvegarar í félagsliðakeppni sveigboga kvenna. Frá vinstri: Marín Aníta Hilmarisdóttir, Valgerður E. Hjaltested og Melissa Pampoulie. Ljósmynd: BFSÍ.

í þjóðskrá til að geta keppt um Íslandsmeistaratitil, en þetta er í fyrsta sinn sem veittur er kynlaus Íslandsmeistaratitill.

Valgerður og Marín munu báðar keppa á Evrópubikarmóti í Bretlandi í apríl, þar sem síðustu þátttökuréttum á Evrópuleikana 2023 verður úthlutað. Það er talið mjög líklegt að önnur hvor þeirra vinni þátttökurétt á mótið fyrir Ísland.

Að auki ber að nefna að ofan á glæsilega frammistöðu Valgerðar á móti, sá hún einnig um skipulagningu mótsins í heild sinni, en Valgerður er starfsmaður Bogfimisambands Íslands.

Kjartan lögreglustjóri lætur af störfum



Grímur Hergeirsson, lögreglustjóri á Suðurlandi og Kjartan Þorkelsson, fráfrandi lögreglustjóri.

Kjartan Þorkelsson lögreglustjóri lét af störfum við embætti Lögreglustjórans á Suðurlandi þann 28. febrúar síðastliðinn, en hann hefur gegnt starfi lögreglustjóra frá stofnun embættisins, þann 1. janúar 2015.

Farsæll ferill hans í þágu hins opinbera spannar hins vegar mun lengri tíma eða rúm 40 ár, fyrst sem fulltrúi sýslumanns í Rangárvallasýslu 1982, síðan sem sýslumaður í Ólafsfirði, á Blönduósi og í Rangárvallasýslu og

nú síðast, eins og áður sagði, lögreglustjóri á Suðurlandi.

Kjartan var kvaddur og honum þakkað heilladrjúgt samstarf af samstarfsfólki sínu í hófi sem haldið var honum til heiðurs á skrifstofu embættisins á Hvolsvelli. Lögreglumenn stóðu heiðursvörð við komu hans til fundar yfirstjórnar og í framhaldi af því vel sótt kaffisamsæti með samstarfsfólki hans.

Við starfi lögreglustjóra á Suðurlandi tekur Grímur Hergeirsson.



Menntaskólinn að Laugarvatni 70 ára

Fáðu fagmann í verkið



Framúrskarandi fyrirtæki



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Toyota
Selfossi

FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTA

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is



AÐALSKOÐUN

Engar tímapantanir,
bara að mæta!



Eyravegur 51, 800 Selfoss
Sími 590-6996

Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - [f/keyrsla.is](https://www.facebook.com/keyrsla.is)



Ljósmynd: Stjórnarráðið.

Mýrdalshreppur og Árborg hljóta styrki úr þróunarsjóði innflytjendamála

Guðmundur Ingi Guðbrands-son, félags- og vinnu-markaðsráðgjafi, tilkynnti í síðustu viku hver hljóta styrk úr þróunarsjóði innflytjendamála. Alls fengu 19 verkefni og rannsóknir samtals ríflega 40 milljónir króna í styrki. Meðal þessara styrkja voru tveir sem fóru til sunnlendinga, annars vegar 1.100.000 kr. til Kötluaseturs í Mýrdalshreppi og hins vegar 1.300.000 kr. til Sveitarfélagsins Árborgar.

Samfélagið okkar – við erum menningin

Hér er um að ræða fjölbreytt verkefni í fámennu samfélagi þar sem hlutfall innflytjenda er hærra en í nokkru öðru sveitarfélaga á Íslandi. Verkefninu er ætlað að styðja við jákvæða samfélagsþróun í fjölmennings-samfélaginu í Mýrdalshreppi. Auka á möguleika erlendra íbúa til að tengjast samfélaginu, svo sem með íslenskukennslu, fjölmenningsarkór, spilakvöld með

tungumálafélögum og ýmsum fleiri viðburðum.

Dómnafnd þótti þetta skemmtilegt verkefni sem stuðlar að virkri þátttöku allra í samfélaginu. Byggir á virkri þátttöku innflytjenda sjálfrá.

Sveitarfélagið Árborg fékk sömuleiðis styrk fyrir verkefni sem miðar að því að efla tengsl heimila og leikskóla.

Félags- og hagsmunasamtök innflytjenda voru sérstaklega hvött til þess að sækja um, auk þess sem haldinn var fjölmennur kynningarfundur um umsóknarferlið og fór hann fram á íslensku, ensku, pólsku og spænsku. Í fyrsta sinn voru umsóknareyðublöð og leiðbeiningar auk þess höfð bæði á íslensku og ensku.

„Framlög til þróunarsjóðs innflytjendamála hafa verið stórauðin, enda málaflókkurinn mikilvægari en aldrei fyrr. Ljóst er að mikil gróska er í þróunarverkefnum og rannsóknum sem tengjast flóttafólki og innflytj-

endum á Íslandi. Nú er einmitt áriðandi að rannsaka áhrif mis- munandi aðgerða og verkefna og læra af þeim. Ég óska öllum styrkþegum velfarnaðar og hlakka til að fylgjast með framhaldinu,“ segir Guðmundur Ingi Guðbrands-son, félags- og vinnu-markaðsráðgjafi.

„Mjög ánægjulegt var að sjá fjölda umsókna í ár. Mikilvægasta áherslan okkar að þessu sinni var inngilding og við vorum ánægð að sjá mörg verkefni sem stuðla að henni. Einn mikilvægur þáttur í aðlögun innflytjenda er þátttaka þeirra á öllum sviðum samfélagsins og í ár bárust umsóknir frá innflytjendasamtökum og einstaklingum af erlendum uppruna. Það er jákvæð þróun og við vonumst til að sjá fleiri slíkar umsóknir í framtíðinni. Besta vísbendingin um fjölmennings-samfélag er þegar innflytjendur og innlendir taka saman þátt í að skapa fjölbreytt samfélag á jafningjagrunni,“ segir Paola Cardenas, formaður innflytjendaráðs.

Hrós vikunnar

Elvar Gunnarsson

er hrósari vikunnar að þessu sinni:



Elvar Gunnarsson

Mig langar að hrósa Krabbameinsfélagi Árnesháls og Ljósinu fyrir frábært og óeigingjarnt starf þeirra fyrir fólk sem greinist með krabbamein og aðstandendur þeirra.

Elvar Gunnarsson

Ég vil skora á stórvinnu minn Inga Þór Jónsson að koma með hrós í næstu viku.

Dagskráin, fréttablað Suðurlands

Endilega sendu okkur hrósið á netfangið dfs@dfs.is. Ekki væri verra að fá mynd með :) 

Að standa vörð um íslenskan landbúnað

Nýverið fór fram Búgreinaþing og fram undan er Búnaðarþing og því er vert að ræða komandi endurskoðun búvörusamninga. Nauðsynlegt er að samningar séu bændum og matvælaframleiðslu landsins til gagns, og því vil ég bryna hæstvart matvælaráðgjafi í þeim efnum. Hlusta þarf á þarfir og kröfur bænda. Það skiptir ekki bara þá máli heldur einnig samfélagið allt. Við viljum búa við fæðuöryggi þar sem framleiðsluhvatar eru miklir og við líðum aldrei skort á innlendum matvælum.

Augljós þörf fyrir meiri stuðning og aukna tollvernd

Við sjáum augljósa þörf fyrir stuðning frá ríkinu bæði í formi fjárframlaga og tollverndar. Öll umræða um að breyta kerfinu og taka út greiðslur sem eru beintengdar framleiðslu er aðeins til

þess fallin að veikja stoðir landbúnaðarins og þá sérstaklega þegar kemur að nautgripærkt og sauðfjárrækt. Óframleiðslutengdur stuðningur eða grænar greiðslur tryggja ekki næga framleiðslu með skilvirkum hætti.

Með minni stuðningi komum við í veg fyrir nauðsynlega endurnýjun í greininni. Óflugur stuðningur og skilvirkt kerfi tryggir grundvöll til upphafs og áframhalds matvælaframleiðslu. Við sjáum að fjárfestingin í búskap er töluverð. Vextir eru kringum 10% af jarðalánum, sem er virkilega mikið umhugsunarefni. Hvernig ætlumst við til þess að tryggja endurnýjun undir þessum forsendum?

Tryggja þarf öflugna tollvernd og endurskoðun verðlagsgrunnnsins, sem er bæði hagsmunamál bænda og neytenda. Öll umræða um að það hækki

Hafís Hrönn Hafsteinsdóttir

Þingmaður Framsóknar í Suðurlandshöfðum



verð til neytenda er á villigötum og markmiðið á að vera að tryggja framleiðslu afurða.

Stígum stöndug skref

Þá eflum við ekki landbúnað með því að draga úr stuðningi við eina grein í þágu annarrar. Íslendingar stæra sig af því að við búum við gæði og heilnæmi í matvælunum okkar. Það júl byggir á íslenskum landbúnaði. Hættan er að sú gæði hverfa ef landbúnaðurinn fær ekki þá virðingu og þann stuðning sem hann á skilið. Gerum þetta almennilega í eitt skipti fyrir öll!



BUXNADAGAR

FRÁ 8. TIL 15. MARS

**BJÓÐUM 20% AFSLÁTT
AF ÖLLUM BUXUM**

Afsláttarkóði á tiskuverslun.is
Buxur20

LINDIN
TÍSKUVERSLUN
Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800

Dásamlegt Flóafár og Kátir dagar

Kátir dagar og Flóafár voru haldnir í FSu í lok liðinnar viku 1. til 3. mars og tókust einstaklega vel. Skipulag var frábært og þátttaka nemenda og starfsmanna skólans mjög góð og mikið líf og sköpun, gleði og gaman í öllum bygginum skólans, Odda, Hamri og Iðu. Í Flóafári fær hvert lið sérstakt heimasvæði til að skreyta og síðan keppa nemendur í þrautum út um allan skóla sem kennarar hafa útbúið. Hugmyndaauði

liðanna í útliti og skipulagningu heimasvæða var mikil að venju og þrautir kennaranna ekki síðri að gæðum og gamansemi. Flóafár er árviss atburður á vorönn og hefur verið haldið frá vordögum árið 1998 og uppskeran mikil. Má taka undir orð eins kennarans sem mælti á þá leiða að nú væri tími til kominn að Flóafár fengi fálkaorðu.

Fimm lið voru skráð til leiks að þessu sinni og fá þau þrjár vikur til að undirbúa þema og

skipuleggja sig. Þau nefndust Fire Fighters, Miðaldabandalagið, James Bond, Love Island og Mexíkó. Svo fór að Fire Fighters eða Slökkviliðið sigraði í stigakeppninni en einnig voru veitt sérstök verðlaun fyrir árangur í búningagerð, herópum, borðalagningu og heimasvæði hvers liðs. Starfsmenn skólans leggja mikið á sig í Flóafári við undirbúning og iklæðast skemmtilegum búningum. jöz



TM

**Þú færð
okkar besta
verð á tm.is**

Á tm.is og í TM appinu getur þú gengið frá öllum tryggingum hvar og hvenær sem þér hentar.

Hugsum í framtíð

The nightfly – Bestu lög Steely Dan á Sviðinu 10. mars

Reykjavík Tribute Orchestra stígur á Sviðið á Selfossi þann 10. mars nk og flytur lög Steely Dan.

Steely Dan var ein áhrifa-mesta hljómsveit áttunda áratugarins. Tónlistin var einstök og frumleg blanda af djass- og popptónlist sem heillaði tónlistaráhugamenn og ekki síður tónlistarmenn á öllum aldri og hefur gert æ síðan. Donald Fagen og Walter Becker stofnuðu hljómsveitina í byrjun áttunda áratugarins og sendu frá sér frábærar plötur sem skipa sér margar hverjar á stall með bestu plötum áratugarins. Donald Fagen gaf svo út hina stórkostlegu sólóplötu The Nightfly árið 1982 sem er því orðin fertug og er án nokkurs vafa með betri plötum níunda áratugarins.

Í september árið 2022, rættist langþráður draumur þeirra íslensku tónlistarmanna sem stigu þá á svið Bæjarbíós og fluttu tónlist Steely Dan fyrir troðfullu húsi. Leikurinn var endurtekinn í nóvember og aftur varð uppselt. Hópurinn ákvað því að stíga næsta skref og flytja The Nightfly í heild sinni ásamt bestu lögum Steely Dan á



hinum flunkunýja tónleikastað Sviðinu, Selfossi þann 10. mars næstkomandi.

Tónleikagestir mega búast við að heyra lög eins og Do It Again, Reelin' In The Years, Rikki Don't Lose That Number, Kid Charlemagne, Peg, Josie, Babylon Sisters, Hey Nineteen auk allra laganna á The Nightfly.

Reykjavík Tribute Orchestra skipa: Eiður Arnarsson – bassi, Friðrik Karlsson – gítar, Íris Lind Verudóttir – söngur og

bakraddir, Ívar Guðmundsson – trompet, Jóel Pálsson – saxófónn, Jóhann Hjörleifsson – trommur, Karl Olgeirsson – hljómborð og söngur, Pétur Valgarð Pétursson – gítar, Phil Doyle – saxófónn, Stefania Svavarsdóttir – bakraddir, Þórir Úlfarsson – hljómborð og bakraddir.

Tónleikarnir hefjast klukkan 21:00 þann 10. mars og miðasala er hafin á tix.is

Fjórða tunnan kynnt í Árborg

Á síðasta fundi bæjarstjórnar Árborgar var lagt fram minnisblað mannvirkja- og umhverfisdeildar vegna breytingar á sorphirðu, um innleiðingu á fjórðu tunnu til sérflökkunar á plasti og breytta söfnunartíðni við öll heimili í Árborg.

Lagt er til að tunnum verði dreift til heimila í marsmánuði og að í stað 21 daga hirðingar verði tekin upp 28 daga hirðing úrgangs í Árborg frá 1. apríl. Helstu rökin eru þau að með 4 tunnunni þá aukast vikulítrar sem sóttir eru á heimili úr 208 í 216 lítra og því er ekki um að ræða að rúmmálsminnkun við breytinguna. Rúmmáls mestu flokkarnir fá aukna rýmd með tveimur 240 lítra tunnum í stað einnar. Frá 1. apríl geta íbúar svo skipt út ílátum á mínum síðum ef þeir vilja fara í tvöfalda tunnu fyrir almennan úrgang og lífúrgang. Áfram er boðið uppá spartunnu í almennum úrgangi.



Dylan-guðspjónusta í Hrunakirkju 12. mars

Sunnudagskvöldið 12. mars nk. kl. 20 verður Dylan-guðspjónusta í Hrunakirkju. Hljómsveitin Slow Train leikur valin lög Dylans og textar hans verða í brennidepli. Bob Dylan er, sem kunngugt er heimskunnur söngvari, tónlistarmaður, lagahöfundur og skáld. Hann hefur haft mikil áhrif á tónlist seínustu áratuga. Hann er alþýðusöngvari og þekktur fyrir texta sína

sem eru oft hlaðnir boðskap, fjalla um trú, stjórnmál og eru gjarnan ádeila á þjóðfélagið. Í guðspjónustunni verður stuttlega vikið að frægðarferli Dylans en sjónum sérstaklega beint að textum hans – samofið hugvekju, bænum og blessun. Prestur er sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson. Verið öll hjartanlega velkomin!

Hrunakirkja

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveg 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0673, helga@dfs.is.

Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglýsingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegis á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf:
Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÖLAR

Stundum hann í ánni er,
enn má fá í banka.
Á laugardögum fram svo fer,
frestur sem að leiðist mér.

Svar við gátu í blaði 2690: **KLÓ**
1. Afkló - 3. Hluti af seglbúnaði skips
4. Rafmangskló/innstunga



Sunnlenski matgæðingurinn



Ingi Rafn Ingibergsson er sunnlenski matgæðingur vikunnar



Vill byrja á að koma fram þökkum á fagurkerann Björn Sigurbjörnsson fyrir þessa frábæru tilnefningu. Ég hef verið meira í því að mæta heim þegar maturinn er tilbúinn síðustu árin, en nú þegar ég hef lagt tuðrusparkið mestmegnis á hilluna hefur gefist meiri tími í eldamennskuna. Ég er ekki með marga rétti í bókinni en eftirfarandi kjúklingaréttur er í miklu upphaldi

Grískur kjúklingur með Tzatziki-sósu og fersku salati

1 kg úrbeinuð kjúklingalæri
1 msk. hvítvinsedik
3 stk. hvítlauksrif
1 safi úr hálfri sítrónu
1 msk. ólífuolía
4 msk. grísk jógúrt frá Gott í matinn
1 óreganó
1 tsk. paprikukrydd
1 tsk. kóríanderkrydd
1 tsk. salt
1 tsk. pipar

Tzatziki-sósa

350 g grísk jógúrt frá Gott í matinn
2 msk. sítrónusafi
1 msk. ólífuolía
2 stk. hvítlauksrif
1 gúrka, rifin
Salt og pipar eftir smekk

Salat

3 stk. tómatar
1 gúrka
1 stk. avocado
1 rauðlaukur
Steinselja eftir smekk
Salt og pipar eftir smekk

Kjúklingur

Setjið gríska jógúrt í skál

Mig langar að skora á pizzaprinsinn og áhugamannakokkinn Gunnar Borgþórsson til að draga fram uppskriftabókina og sýna sitt rétta andlit.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

ásamt hvítlauk, hvítvinsedik, sítrónusafa, ólífuolíu og kryddi. Blandið öllu vel saman og hellið yfir kjúklinginn.

Hrærið marinerungunni vel saman við kjúklinginn og geymið í kæli.

Gott er að leyfa kjúklingnum að marinerast í nokkrar klukkustundir og jafnvel yfir nótt.

Steikið kjúklinginn á pönnu eða grillið.

Raðið kjúkling, sósu og salati á tortillakökurnar en gott er að steikja tortillurnar upp úr smá smjöri eða olíu á pönnu og bera þær fram heitar.

Tzatziki-sósa

Blandið grískri jógúrt, sítrónusafa, ólífuolíu, hvítlauk, salti og pipar og hrærið vel saman. Rífið niður gúrku í aðra skál með rifjárn, setjið í eldhúsrúllubréf, helst þrefalt og vindið safann úr. Blandið rifinni gúrku saman við jógúrt-blönduna og hrærið vel saman.

Salat

Skerið salatið smátt niður og blandið saman í skál og berið fram með kjúklingnum.

Hannaðu það sjálfur!

honnun.prentmetoddi.is

Inni á hönnunarvefnum okkar getur þú t.d. útbúið **kort**, **dagatöl** og **myndabækur**.



BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN**SELFOSSI 10. OG 11. MARS**

Skannaðu kóðann með myndavélinni í símanum

PLÖNUM PALLINN SAMAN

með Svanfríði Hallgrímsdóttur landslagsráðgjafa. Pantaðu tíma rafrænt á [BYKO.is](https://byko.is)

- 45 mínútna viðtal við Svanfríði
- Samdægurs sending útlitsmyndar af hönnuninni
- Endanleg hugmyndabók með þvíðum teikningum ásamt málsetningum sendar um það bil viku eftir ráðgjöf





Fjöruborðið

Og hafið sagði ok.

Starfsfólk óskast í aukavinnu í sal

Fjöruborðið á Stokkseyri auglýsir eftir starfsfólk í aukavinnu í sal, aðeins 18 ára og eldri koma til greina. Vinsamlegast sendið póst á info@fjorubordid.is fyrir frekari upplýsingar.

Part-time waiter/waitress

Fjöruborðið restaurant in Stokkseyri is looking for part-time waiter/waitress 18 years or older, please contact info@fjorubordid.is for further information.

Vitleysingar fyrir alla

Leikgleði og mikill kraftur eru við völd á stóra sviðinu í Árnesi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi þessa dagana. Þar er í boði að sjá leikritið Vitleysingana eftir Ólaf Hauk Símonarson, sem Ólafur Jens Sigurðsson leikstýrir. Leikararnir tíu úr Leikdeild UMFG bregða sér þar í gerfi vinnahóps Vitleysinganna sem eiga margt úppgert við lífið og hópinn, þar sem þeir flækjast um í tíma og rúmi, meðan varpað er ljósi á vanhæfni þeirra.

Vitleysingarnir er rúmlega tuttugu ára gamalt verk, sem var frumsýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Kolsvört neðanmittis kómedía, um vini sem vilja vera ríkir og frægir, en eiga í sígildum vandræðum með lífið og kynlífið, hégómamann og græðgina.

Óhætt er að fullyrða að leikararnir slái í gegn í sínum hlutverkum, litlum sem stórum. Þótt leikritið sé á köflum sundurlaust með einhæfum klámbróndurum, er leikurinn og persónusköpunin sníll. Augljóslega líður leikurunum mjög vel á sviðinu og gefa sig í hlutverkin af lífi og sál. Textinn vel fluttur og persónurnar fá þá dýpt sem handritið býður upp á og vel það. Jón Marteinn Finnbogason, er feykioflugar sem dólur og athafnamaður. Ingvar Hjálmarsson, óborganlegur lúði, sem sálfræðingurinn. Læknirinn, þingkonan, ritskáldið, sú heimavinnandi, öll framúrskarandi vitleysingar í



meðförum Gylfa Sigríðarsonar, Helgu Guðlaugsdóttur, Oddrúnar Ýrar Sigurðardóttur og Magneu Guðmundsdóttur. Flest rokkstig fær svo veitingahúsa-eigandinn og klesspían, Sigga, sem Magnea Gunnarsdóttir túlkar. Margbrotin persóna sem við hittum víða í lífinu. Og hún á líka lag við eina söngtextann í leikritinu og söng það sjálf.

Skiptar skoðanir geta verið um hvort Vitleysingarnir séu við hæfi barna. Við létum á það reyna og förum saman á aldrinum sjö til rúmlega sextíu ára og skemmtum okkur vel á fremsta bekk, þótt það vefðist fyrir okkur eldri að svara spurningum þeirrar yngstu. Leikmyndin, sjúkrarúmið, partíið, hraðinn og krafturinn og hlaup leikaranna

út um allt hús, með óvæntum uppákomum úr öllum hornum, sló í gegn. Stelpurnar töldu þó að þetta hefði verið frekar skrítið fólk, en það er náttúrulega bara eðlilegt, því þetta voru Vitleysingar. Og af þeim má hafa gaman.

Björg Eva Erlendsdóttir

Næstu sýningar verða í Árnesi sem hér segir:

- Þriðja sýning fimmtudagskvöldið 9. mars kl. 20
- Fjórða sýning laugardagskvöldið 11. mars kl. 20
- Fimmta sýning sunnudagskvöldið 12. mars kl. 20

Miðapantanir í síma 869 1118 eða á gylfi1sig@gmail.com.



Messur í Árborgarprestakalli

Verið velkomin til kirkju sunnudaginn 12. mars.

Messað verður í Selfosskirkju kl. 11. Arnaldur Bárðarson þjónar fyrir altari og prédikar. Edit Molnár leikur á orgel og kirkjukór Selfoss leiðir safnaðarsönginn. Einnig munu Sigurrós Lilja Ragnarsdóttir og Karolina Konieczna, nemendur við tónlistarskóla Árnesinga, koma fram og syngja.

Messað verður líka í Stokkseyrarkirkju kl. 20. Arnaldur Bárðarson þjónar fyrir altari og prédikar. Haukur Arnarr Gíslason leikur á orgel og kór Stokkseyrarkirkju leiðir safnaðarsönginn.

Með þessum messum kveður sr. Arnaldur Bárðarson Árborgarprestakall sem hann hefur þjónað undanfarin ár, en hann hefur nú tekið við embætti sóknarprests í Heydalaprestakalli.

Þriðjudagssamvera

Verið velkomin til Þriðjudagssamveru í Selfosskirkju 14. mars kl. 14. Samveran verður heimilisleg að vanda með góðu andrúmslofti og heitu kaffi. Gestur samverunnar að þessu sinni verður Hjördís Geirsdóttir frá Byggðarhorni og mun hún spjalla um daginn og veginn frá sínum bæjardyrum séð.



Sóknarnefnd Selfosskirkju ásamt prestum, djákna og starfslíði kirkjunnar. Talið frá hægri, efri röð: Jóhann S. Bjarnason, Þórður G. Arnason, Guðrún Tryggvadóttir, Guðrún Guðbjartsdóttir, Páll B. Ingimarsson, Anna Jakobína Hilmarsdóttir, Anna Margrét Magnúsdóttir, Guðmundur Ármann Pétursson, Vilhjálmur Eggertsson, Kolbrún Berglind Grétarsdóttir, Guðmundur Björgvin Gylfason, Guðmundur Búason, Fjóla S. Kristinsdóttir, Björn Ingi Gíslason, neðri röð f.h. Guðný Sigurðardóttir, Edit A. Molnár, Gunnar Jóhannsson, Guðbjörg Arnardóttir, Guðmundur Brynjólfsson, Axel Arnason Njarðvík, Sjöfn Þórarinsdóttir og Ina Stefánsdóttir.

Aðalsafnaðarfundur hjá Selfosssókn

Haldinn verður aðalsafnaðarfundur Selfosssóknar þri. 14. mars nk. í Selfosskirkju kl. 17.00. Að venju verða almenn aðalfundarstörf og einnig verður kosið í stjórn samkvæmt reglugerð. Að þessu sinni eiga fimm að ganga úr aðalstjórn og fimm varamenn. En alls eiga 9 manns sæti í safnaðarnefnd og jafnarmargir til vara. Er fólk hvatt til að koma á aðalfund Selfosskirkju og taka þátt í safnaðarstarfi kirkjunnar.

Kveðjumessa hjá sr. Arnaldi

Sunnudaginn 12. mars nk. kl. 11 f.h. fer fram í Selfosskirkju kveðjumessa hjá sr. Arnaldi A. Bárðarsyni presti. Hann hefur þjónað okkur í prestakallinu frá sameiningu Eyrabakka- og Selfossprestakalls frá árinu 2020. Áður starfaði hann við Eyrabakkaprestakall frá árinu 2018. Það hefur verið gott að starfa með sr. Arnaldi og hann verið

farsæll í störfum. Eru honum færðar bestu þakkir og óskir á nýjum vettvangi. Ánægjulegt væri að sjá sem flesta koma í kirkju á sunnudaginn í kveðjumessu hjá sr. Arnaldi A. Bárðarsyni presti. Þess má geta að hann messar líka í Stokkseyrarkirkju á sunnudagskvöldið kl. 20.00.

Björn Ingi Gíslason,
formaður sóknarnefndar
Selfosskirkju

Biðin senn á enda

Um langa hríð hefur Suðurland beðið eftir nýrri brú yfir Ölfusá og er sú bið nú senn á enda. Umferð yfir núverandi Ölfusárbrú er mikil og ljóst er að á háanna tímum er erfitt að komast sinna leiða án tafa sér í lagi yfir sumartímann. Álagið á brúna er mikið og mikil þunga-umferð fer um brúna og það hringtorg sem stendur við enda hennar á Selfossi. Þetta getur skapað hættu fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Um-ræður um að þetta muni hafa í för með sér minni verslun á Sel-fossi er ekki áhyggjuefni þar sem nýr miðbær hefur sýnt sig sem aðdráttarafl og er Selfoss orðinn áfangastaður bæði hjá Íslendingum og erlendum ferða-mönnum. Fólk kemur og dvelur á Selfossi sem er virkilega já-kvæð þróun sem gefur okkur byr

undir báða vængi þegar kemur að öflugri verslun og þjónustu í Árborg.

Ölfusárbrú í útboð
Á föstudaginn síðastliðinn bárust fréttir af því að opnað hefði verið fyrir útboð á nýrri Ölfusárbrú. Um er að ræða sam-keppnisútboð á grundvelli laga um opinber innkaup. Um er að ræða samvinnuverkefni. Við erum að tala um byggingu nýs 3,7 kílómetra kafla á Hringveg-inum ásamt 330 metra langrar stagbrúar á Ölfusá og undirgöng sem þjóna öllum vegfarendum. Þá standa áætlanir fyrir um að ný brú verði tekin í notkun árið 2026 og framkvæmdir komnar á fullt í byrjun árs 2024. Gert er ráð fyrir að um 5000 bifreiðar muni fara yfir nýja brú á degi hverjum. Ný brú mun verða

Elly Tómasdóttir
bæjarfulltrúi
Framsóknar í
Árborg



til þess að þyngri okutækjum verður beint um nýja brú og því losna Selfyssingar við þann griðarlega fjölda flutningabíla sem leggja leið sína í gegnum þveran og endilangan bæinn allan sólarhringinn. Þetta eykur umferðaröryggi innanbæjar og verður til þess að mengun innan bæjar verður vonandi minni og loftgæði betri.
Mikil eftirvænting hefur verið eftir nýrri brú og ég er sannfærð um að þetta muni vera mikil bót fyrir Árborg jafnt sem Suðurlandið allt.

Ánægja íbúa Hveragerðisbæjar dalar

Í niðurstöðum þjónustukönn-
unar Gallups sem Hveragerð-
isbær hefur verið þátttakandi í
frá árinu 2014 kemur fram að
ánægja íbúa samanborið við síð-
ustu könnun hefur dalað mjög.
Íbúar Hveragerðisbæjar hafa
frá upphafi mælinga skipað sér
ofarlega eða í efstu sætin í nær
öllum flokkum sem spurt er út
í. En nú, eftir að nýr meirihluti
tók við, hefur ánægja íbúa með
þjónustu sveitarfélagsins fæst
frá toppnum og nær miðju eða
fyrir neðan miðju samanborið
við hin 20 stærstu sveitarfélög
landsins sem eru þátttakendur í
könnuninni.

Það var leitt að sjá að íbúar
Hveragerðisbæjar skipa þann-
ig ekki lengur efsta sæti meðal

íbúa landsins þegar spurt er um
heildaránægju íbúa með sveitar-
félagið sem stað til þess að búa
á, en þjónustukönnun Gallup er
gott tæki til að meta ánægju íbúa
og hefur bæjarstjórn árlega nýtt
sér þær niðurstöður til að gera
sífellt betur. Ljóst er að niður-
staða þessarar þjónustukönn-
unar er áfelliðsdómur fyrir meiri-
hluta O-lista og Framsóknar og
sýnir könnunin að lítið traust er
til þeirra í samfélaginu.

Í stað þess að meirihlutinn
axli sjálf ábyrgð á þeirra eigin
störfum hefur meirihlutinn vísað
vaxandi óánægju íbúa Hvera-
gerðis á störf fyrri meirihluta
D-lista þrátt fyrir að ánægja íbúa
í Hveragerði hafi verið í efstu
sætum öll árin á undan meðan

**Fríðrik
Sigurbjörnsson**
Oddviti D-listans
í Hveragerði



D-listinn sat í meirihluta. Könn-
unin er gerð í desember 2022
- janúar 2023 og að minnu mati,
og margra annarra, þá er ljóst
að íbúar Hveragerðisbæjar hafa
verið að meta störf nýs meiri-
hluta O-lista og Framsóknar á
þeim tíma sem könnunin fór
fram.

Það er einfaldlega spurning
hvort samstarf þessa meirihluta,
O-lista og Framsóknar, sé ekki
orðið fullreynt?

Aðalfundur Félags eldri borgara á Selfossi

Aðalfundur FebSel var
haldinn fimmtudaginn
23. febrúar s.l. Fjölmenni var
á fundinum enda fer fjöldi fé-
lagsmanna vaxandi. Á fund-
inum fóru fram hefðbundin
aðalfundarstörf.

Í skýrslu stjórnar kom fram
hve starfið er umfangsmikið
og öflugt og verulega ánægju-
legt að sjá hvað eldri borgarar
í bænum eru duglegir að sækja
það sem er í boði.

Á fundinum voru samþykkt-
ar tvær tillögur sem afhentar
verða bæjaryfirvöldum. Önnur
tengist skipun öldungarráðs og
hin um framtíðaruppbyggingu
vegna fjölgunar eldri borgara.

Ný stjórn var kosin á fund-
inum. Hún er þannig skipuð
að Magnús J. Magnússon er
formaður, Ólafía Ingólfssdóttir
varaformaður, Guðrún Guðna-
dóttir gjaldkeri, Guðrún Þór-
arna Jónsdóttir ritari. Ólafur
Bachmann meðstjórnandi og
Ólafur Sigurðsson og Valdimar
Bragason í varstjórn. Stjórnin



Efri röð: Guðrún Þórarna Jónsdóttir, Guðrún Guðnadóttir og Ólafía Ingólfssdóttir. **Neðri röð:** Valdimar Bragason, Magnús J. Magnússon, Ólafur Bachmann og Ólafur Sigurðsson.

er þegar tekin til starfa og er
hugur í henni. Þorgrími Óla
Sigurðssyni fráfarandi for-
manni og Gunnþóri Gíslasyni
eru þökkúð störf þeirra fyrir
félagið.

Fyrir tæpu ári var farið að
bjóða upp á mat í aðstöðu fé-
lagsins í Grænumörkinni. Það
er ekki tekið of sterkt til orða
að segja viðbrögðin hafi verið
góð. Alla daga er fjöldi heldri

borgar að borða þar í góðum
félagskap.

Framundan er öflugt starf í
öflugu félagi. Við hvetju alla þá
eldri borgara sem enn hafa ekki
skræð sig í félagið eða tekið þátt
í því starfi sem þar fer fram að
hefst handa og láta verkin
tala.

Magnús J. Magnússon
Formaður FebSel

Aðalfundur

Aðalfundur Stangaveiðifélag Selfoss
verður haldinn í Víkinni, félagsheimili stanga-
veiðifélagsins föstudaginn 17. mars. kl. 20.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf

Stjórnin



HS Veitur leita að rafvirkja í Árborg

Vilt þú slást í hópinn?

HS Veitur leita að faglegum og reyndum rafvirkja á
starfsstöð fyrirtækisins í Árborg.

**Helstu verkefni felast í viðhaldi og eftirliti ásamt
nýframkvæmdum.**

Helstu verkefni

- Nýframkvæmdir – tenging, háspennustrengja, dreifistöðva, götuskápa og heimtauga.
- Viðhald- lagfæringar á dæmingum í kjölfar skoðana, endurnýjun á búnaði, viðgerðir í kjölfar bilana
- Eftirlit á búnaði rafmagnssviðs – skráning á dæmingum
- Bilanaleit – sönun strengja
- Samskipti við viðskiptavinum og verktaka

Hæfniskröfur

- Sveinspróf í rafvirkjun eða rafveituvirkjun.
- Samskiptahæfni og frumkvæði
- Sjálfstæði í starfi og hæfni til að vinna undir álagi
- Ökuskírteini
- Hreint sakavottorð

HS Veitur

HS Veitur eru framsækið þekkingar- og þjónustu-
fyrirtæki í veitustarfsemi sem telst til mikilvægra
innviða. Hjá HS Veitum starfa um 95 starfsmenn
á fjórum starfstöðvum sem sinna margvíslegum
störfum. Fyrirtækið þjónar mörgum af stærstu
fyrirtækjum landsins og eru íbúar á veitusvæði HS
Veitna rúmlega 84.000.

Í fyrirtækinu ríkir jákvæður starfsandi sem einkenn-
ist af sterkri líðsheild og virðingu í samskiptum.

Nánari upplýsingar veitir Ómar Baldursson deildar-
stjóri í síma 840 5572.

Umsóknarfrestur er til og með 19. mars 2023.

Við hvetjum áhugasama aðila,
óháð kyni, til að sækja um.

Laufið - Fyrsta græna upplýsingaveitan

Raquelita Rós Aguilar, framkvæmdastjóri Laufisins kom í heimsókn til okkar hjá Dagskránni á dögunum og kynnti fyrir okkur byltingarkennda græna upplýsingaveitu sem ber nafnið Laufið.

„Laufið er stafrænn vettvangur fyrir fyrirtæki í vegferð að sjálfbærum fyrirtækjarekstri og jafnframt fyrsta græna upplýsingaveitan á Íslandi. Hugbúnaðurinn okkar leiðir fyrirtæki áfram í raunhæfum aðgerðum sem geta haft mikil áhrif á að draga úr umhverfisáhrifum þeirra. Allt sem fyrirtæki gera svo í kerfinu birtist svo á upplýsingaveitunni laufid.is. Þar geta neytendur séð hvernig fyrirtæki, sem eru í Laufinu, eru að standa sig í umhverfis- og sjálfbærnimálum og borið saman fyrirtæki. Þannig valdeflum við bæði fyrirtækin til að standa sig gagnvart umhverfinu og þar af leiðandi sínum viðskiptavinum en einnig neytendur sem geta tekið upplýstari ákvörðun hvar og við hverja þau stunda viðskipti. Sýnileikinn er mikilvægur fyrir fyrirtækin og kitlar keppnisskapið hjá viðskiptavinum okkar. Mikill metnaður er hjá mörgum fyrirtækjum að vera framarlega á sviði umhverfis- og sjálfbærnimála og geta sýnt þann árangur, bæði sínum viðskiptavinum en einnig til að vera fyrirmynd fyrir önnur fyrirtæki,“ segir Raquelita.

Stjórnendakerfi Laufisins er stafrænn vettvangur sem hjálpar stjórnendum áfram í einföldum en mikilvægum aðgerðum sem draga úr umhverfisþorpi og hjálpa til við að stuðla að ábyrgu samfélagi.

Raquelita segir að hingað til hafi þau hjá Laufinu lagt áherslu á að ná til lítilla og meðal stórra fyrirtækja sem þurfi stuðning við að framkvæma fyrstu skrefin

í sinni sjálfbærnivægferð eða vita ekki hvar þau eigi að byrja „Stærri fyrirtæki eða fyrirtæki sem eru komin vel á veg í sinni vegferð geta að sjálfsögðu nýtt sér hugbúnaðinn og erum við með viðskiptavinum sem falla þar undir, enda er hugbúnaðurinn hugsaður fyrir allar tegundir og stærðir fyrirtækja.“

Þá segir Raquelita að laufakerfið vinni vel með öðrum lausnum og þjónustum sem eru á markaðnum og er kerfið hugsað sem verkfærakassi fyrirtækja þar sem að þú getur komið með þín verkfæri hvaðan sem er. „Sem dæmi þá setja fyrirtæki inn þær vottanir sem að þau hafa öðlast, merkja við þau skref eða aðgerðir sem þau hafa nú þegar tekið og þannig höldum við utan um vegferðina þeirra á einum stað með þann valkost að hafa meiri sýnileika út á við.“

Umhverfisstefnur á mannamáli

„Samhliða hugbúnaðinum bjóðum við upp á ýmsa aðra þjónustu eins og ráðgjöf frá sérhæfðum sjálfbærni ráðgjöfum okkar, kolefnisútreikning, tilögur að samdrætti eða kolefnisbindingu og fræðslu. Þar má nefna vinnustofur og fyrirlestra sem fyrirtæki hafa óskað eftir frá okkur ásamt því að aðstoða við umhverfisstefnu þeirra en við leggjum okkur fram við að hafa hlutina eins einfalda og hægt er, og á mannamáli,“ segir Raquelita og brosir sínu breiðasta.

„Hugmyndin að Laufinu varð almenninglega til árið 2020 og hefur mikil gagnaöflun átt sér stað síðan þá til að styrkja stöðir hugmyndarinnar. Snemma í þróunarferlinu var leitað til fjölbreyttra sérfræði- og þekkingaraðila eins og til Umhverfisstofnunnar, Landverndar, Ungra umhverfissinna og fleiri aðila til að rýna hugmyndina og styrkja

hana enn frekar. Það hefur því verið virk þekkingaröflun og samtal við þekkingaraðila og viðskiptavinum sem mun vera lykilverkfæri í áframhaldandi viðskipta-, hugbúnaðar- og efnisþróun,“ heldur Raquelita áfram.

Þá segir Raquelita að við þróun á Laufakerfinu hafi viðmið vottana eins og Svansins, ISO 14001, Evrópublómansins, Bra Miljöval og Bláa Engilsins verið rýnd. „Einnig voru viðmið flokkunarkerfis ESB, European Commission GPP, Handbók Festu og Heimsmarkmið Saminuðu þjóðana skoðuð, svo eitt hvað sé nefnt. Það er mikilvægt að það komi fram að Laufið er ekki vottunaraðili en hugbúnaðurinn byggist aftur á móti á fyrrgreindum viðmiðum.“

„Græn skref atvinnulífsins, sem eru hluti af Laufakerfinu, eru einnig að stórum hluta byggð á Grænum skrefum Umhverfisstofnunnar sem stofnunin hefur rekið síðan 2014. Aðlögun á grænu skrefunum í hugbúnaðinn hefur verið unnið í góðu samtali við Umhverfisstofnun,“ segir Raquelita.

Hafnarfjarðarbær er með metnað

Í nóvember í fyrra gerðu þau hjá Laufinu samstarfssamning við Hafnarfjarðarbæ, en bærinn leggur mikla áherslu á sjálfbæra þróun í starfsemi hafnfirskra fyrirtækja og stofnana. Raquelita segir að samstarfið gangi út á fræðslu, innleiðingu stofnana og fyrirtækja í Laufakerfið og ráðgjöf varðandi sjálfbærni. „Samstarfið er búið að ganga ótrúlega vel og gaman að sjá metnaðinn hjá starfsmönnum bæjarskrifstofunnar en við skipuleggjum kynningar- og innleiðingarfundi í þétu samtali við þau. Þennan metnað má líka sjá hjá stofnunum bæjarins en við erum að



Raquelita Rós Aguilar.

innleiða þær núna hverja af annarri og margar hverjar komnar nokkuð langt í sinni vegferð.“

Pappír vs. samfélagsmiðlar


Þá segir Raquelita að á kynningarfundunum Laufisins fái þau allskonar spurningar eða hugleiðingar og reglulegar athugasemdir með að pappír sé ekki umhverfisvænn. „En það sem margir hverjir vita ekki er að rúmlega helmingur skógarhöggs heims er notað til eldsneytis og aðeins 13% er notað í pappírframleiðslu. Fyrir utan að í dag er pappír framleiddur úr sjálfbærum nytjaskógum sem sérstaklega eru ræktaðir fyrir pappír en pappír er líka endurnýjanlegur.“

„Ég sá heimildarmynd um daginn sem að nemendur við Tækniskólann gerðu, sem sýndi fram á fjarlægjar staðreyndir þegar kemur að stafrænum miðlum og mengun þeirra. T.d. að ef þú horfir á Netflix í 30 mín þá mengar þú jafn mikið eins og bensín eða diesel bíll sem keyrir 6 km. Eða að vinsældir lagsins „Despacito“, í gegnum streymisveitir, notaði meira rafmagn en löndin Chad, Somalia, Sierra Leon og Mið-Afríku lýðveldin notuðu öll samanlagt árið 2017. Þannig að ég hugsa alltaf þegar fólk fer að tala um pappír í samhengi við umhverfissóun „Hvað ertu búin/n að eyða miklum tíma á samfélagsmiðlum eða streymisveitum þessa vikuna,

veistu hvað þú ert búin/n að sóða mikið út með rafrænum hætti?“ Það kostar nefnilega umhverfið okkar að halda uppi öllum þessum gagnaverum og gagnþjónum, það eru bara ekki allir að sjá þetta í því samhengi.

Af hverju Laufið?

„Það er hagræðing í fyrirtækjarekstri að taka skrefin í átt að sjálfbærum og umhverfisvænum rekstri. Við höfum upplifað það að fyrirtæki og stofnanir hafa dregið úr rekstrarkostnaði með því að fylgja Laufakerfinu og Grænum skrefum atvinnulífsins, t.d. eins og orkureikninga, sorphirðu og þ.h. Það er líka annað sem vert er að hafa í huga, flest framsækin fyrirtæki eru farin af stað í þessa vegferð því að þau vita að komandi kynslóðir velja þjónustu og störf út frá þessum þáttum og ef að fyrirtæki eru ekki að standa sig í þessum málum þá fara þau annað. Það sem að við verðum að átta okkur á er að eftir u.þ.b. 7 ár verða alpha, Z og Y kynslóðirnar um 80% af vinnuafla heimsins, sem eru 35 ára og yngri, en samkvæmt Íslensku kynslóðamælingunni eru þetta kynslóðirnar sem eru hvað mest meðvitaðar um áhrif umhverfis- og sjálfbærnimála og hafa áhyggjur af hlýnun jarðar. Laufið gefur því fyrirtækjum samkeppnisforskot, hugaró og stuðning ásamt sýnileika til almennings,“ segir Raquelita að lokum.



Bikarmeistarar í hóp-fimleikum og stökkfimi

Bikarmeistaramót 2023 var haldið um liðna helgi í íþróttamiðstöðinni Digranesi. Fimleikadeild Selfoss sendi 4 lið til keppni. Öll liðin náðu frábærum árangri og enduðu þau öll á verðlaunapalli. Liðin sýndu miklar bættingar og var árangurinn eftir því.

Bikarmeistarar 2023, 3. flokkur B deild fékk gullverðlaun, 3. flokkur A deild silfurverðlaun og KK eldri urðu Bikarmeistarar í stökkfimi. Fimleikadeild Selfoss er afar stolt af iðkendum og þjálfurum deildarinnar. Framtíðin er björt. Áfram Selfoss!



1. sæti í B-deild á Bikarmóti 2023, 4. flokkur 2. Mynd: UMFS



2. sæti í A-deild á Bikarmóti 2023, 4. flokkur 1. Mynd: UMFS



Bikarmeistarar í 2. flokki kvk 2023. Mynd: UMFS



Bikarmeistarar í stökkfimi 2023, KK eldri. Mynd: UMFS



Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is



Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg



Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýstar eftirfarandi deiliskipulagstillögur:

1. Deiliskipulagsbreyting – Björkustykki

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum 1. mars, samræmi við 1. mgr. 43. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að deiliskipulagsbreytingum á skilmálum Björkustykkis á Selfossi. Breytingin felst í að sett er inn ákvæði í skipulagsskilmála sem heimila geymslukjallara undir einbýlis-, par-, rað- og fjórbýlishúsum þar sem svo háttar. Samfara því eru ákvæði um nýtingarhlutfall aðlöguð breytingunni. Einnig er gerð orðalagsbreyting á undirkafla 4.5, Sorpflokkun. Þá er uppfærð tafla um nýtingarhlutfall í kafla 5.1, og undirkaflar frá 5.2.1-5.6.6 eru samræmdir töflu. Loks er skerpt á ákvæðum er varða gróður, girðingar og skjólvegi í og við lóðarmörk.

2. Deiliskipulag – Litla Hraun

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum 1. mars, samræmi við 1. mgr. 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að deiliskipulagi á lóð Lita-Hrauns. Stærð lóðar er um 6,4 ha. Í gildandi Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036 er svæðið skilgreint sem samfélagsþjónusta. Megin forsendur og markmið deiliskipulags fyrir svæðið, er að bæta aðstöðu vistmanna og starfsfólks, auk þess að bæta ásýnd svæðisins með lagfæringum og endurbótum á núverandi byggingum og nýrra bygginga auk endurskipulagningar lóðar með auknum gróðri, stígagerð og íþróttavalla. Þá verða skilgreindir 8 nýir byggingarreitir sem ýmist eru tengingar við núverandi byggingar eða eru stakstæðir. Þá er gert ráð fyrir einni nýrri aðkomu inn á lóð, auk aðkomu slökkviliðs.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is

Tillögurnar eru auglýstar með athugasemdafresti frá 8. mars til og með 19. apríl 2023.

Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með 19. apríl 2023.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið skipulag@arborg.is

Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kærannleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllt,
Rúnar Guðmundsson
skipulagsfulltrúi

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU

Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgunur
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opin fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek godzina
19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundur alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

Skrifstofa Félags eldri-
borgara á Selfossi verður
opin fimmtudaginn
9. mars kl. 13-14:30.

OPIÐ HÚS

Fimmtudaginn
9. mars kl. 14:45.
Kaffi og meðlæti.

ÞJÓNUSTA



S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

Hjá Maddý ehf.

Eyrangei 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

BÍLAR



Gagnheiði 11 - 800 Selfossi
Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti



Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.



Hjólástillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

FUNDIR

Vöflukaffi

Laugardaginn 11. mars
milli kl. 11:00 og 12:00 á
Eyrangei 15, Selfossi.
Sólveig Þorvaldsdóttir
jarðskjálftaverkfræðingur
fer yfir nýafstaðna ferð
Landsbjargar á hamfara-
svæði Tyrklands.
Allir velkomnir.

KIRKJUR

Selfosskirkja

Sunnudagurinn 12. mars. Messa
í Selfosskirkju kl. 11. Arnaldur
Bárðarson þjónar fyrir altari og
prédikar. Organisti er Edit
Molnár.

Kvöldguðspj. í Stokkseyrar-
kirkju kl. 20. Arnaldur Bárðarson
þjónar og prédikar. Organisti er
Haukur Arnarr Gíslason.

Haukadalskirkja

Messa í Haukadalskirkju sunnu-
daginn 12. mars kl. 11.00. Sr.
Kristján Björnsson þjónar fyrir
altari og prédikar, Jón Bjarnason
leikur á orgel undir almennum
safnaðar sögn. Lesnir verða ritn-
ingalestrar á ensku og hluti pré-
dikunarinnar verður einnig á
ensku.

Mass in Haukdalskirkja on
Sunday, March 12th. Sr. Kristján
Björnsson serves and preaches,
Jón Bjarnason plays the organ to
the general congregation. Scripture
readings will be read in English
and part of the sermon will also
be in English.

Kálfholtskirkja

Guðspjónusta næsta sunnudag
12. mars, kl. 14.00. Aðalsafnaðar-
fundur verður haldinn eftir
athöfn.



Ég er 41 árs búsett í Árborg
hef mikinn áhuga á myndlist,
bókmenntum og tónlist.

þarfnast aðstoðar við ýmsar
athafnir daglegs lífs, komast á
milli staða, taka þátt í við-
burðum.

Óska eftir aðstoðarmann-
eskju 25-45 ára í hlutastarf
(ca. 30-40 tíma á mánuði).

þarf að vera þolinmóð hvetjandi
jákvæð sálftæð og traust.
Hafi góða færni í mannlegum
samskiptum og bílpróf. Hreint
sakavottorð. Starfið byggir á
hugmyndafræðinni um sjálf-
stætt líf. Notendastýrð persónu-
leg þjónusta, sjá á www.npa.is.

Fyrirspurnir og umsókn
sendist á netfangið
stora@simnet.is.

ÞJÓNUSTA

Smiður óskar
eftir verkefnum

Smiður getur tekið að sér viðhald
í heimahúsum og sumarhúsum á
höfuðborgarsvæðinu, Selfossi
eða Hveragerði. Dagvinna,
kvöldvinna og/eða helgarvinna.
Parket, flísar, samsetning á eld-
húsinnréttingum o.fl. Nánari
uppl. í síma 777 2265.

Faglærður málari

Vantar þig faglærðan málara í
smáverkefni innan- eða utan-
húss í sumar? Tilboð eða tíma-
vinna. Nánari uppl. í síma 777
6466 á Selfossi. JD Málun.

Mosfellskirkja

Föstumessa í Mosfellskirkju mið-
vikudaginn 15. mars kl. 20.00.
Sr. Dagur Fannar Magnússon
þjónar fyrir altari og Jón Bjarna-
son leikur undir almennum safn-
aðarsöng. Lesinn verður sálmur
32. úr Passíusálmum sr. Hall-
gríms Péturssonar.

Hvítasunnukirkjan Selfossi

Sunnudaga kl. 11:00. Samkoma,
sunnudagaskóli og kaffiveitingar.
English translation available.
www.selfossgospel.is.

Þorlákskirkja

Fjölskylduguðspjónusta verður
sunnudaginn 12. mars í Þorlák-
skirkju kl. 11:00. Biblíufræðsla og
söngur. Benedikt búalfur kemur í
heimsókn. Verum öll velkomnir.

Hrunakirkja

Dylan-guðspjónusta sunnu-
dagskvöldið 12. mars kl. 20.
Hljómsveitin Slow Train leikur
lög Dylans. Rætt um texta hans
og áhrif. Biblíulestur, bænir og
blessun. Verið öll hjartanlega
velkomnir!

Stóra-Núpskirkja

Guðspjónusta kl. 11 sunnudag-
inn 12. mars. Kirkjukórinn leiðir
söng. Organisti er Þorbjört
Jóhannsdóttir. Verið öll hjartan-
lega velkomnir!

Aðventistar

Safnaðarheimili aðventista,
Eyrangei 67, Selfossi, 11. mars.
Biblíulexiur kl. 11 og guðspjón-
usta kl. 12, Eric Guðmundsson
prédikar. Verið velkomnir.



482 1944 selfoss@prentmetoddi.is

Starf í tæknideild
á Selfossi

Sláturfélag Suðurlands leitar að starfsmanni í viðhalds- og
tæknideild félagsins á Selfossi. Við leitum að kraftmiklum og
jákvæðum einstaklingi til að bæta í öflugan hóp SS fólks á
góðum vinnustað.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Almenn viðhald á búnaði og húsnæði starfsstöðvarinnar
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Reynsla af viðhaldsvinnu
- Vélstjóri/vélvirki eða reynsla af vinnu við kæli- og frysti-
klefa, eða rafvirkjamenntun.
- Skipulagshæfileikar og geta til að vinna sjálfstætt
- Jákvæðni, góðir samskiptahæfileikar og rík þjónustulund

Frekari upplýsingar um starfið gefur Benedikt Benediktsson
í netfangi benedikt@ss.is

Sláturfélags Suðurlands er 115 ára, öflugt og framsækið
matvælafyrirtæki í eigu búvöruframleiðanda á Suður- og
Vesturlandi og almennra hluthafa. Höfuðstöðvar þess eru í
Reykjavík og þar eru auk skrifstofu, markaðs- og söludeildir.
Á Hvolsvelli er meginhluti kjötiðnaðar staðsettur ásamt
frystihúsi og vörudreifingu kjötværa. Á Selfossi rekur félagið
sláturhús ásamt úrbeingu á kjöti og pökunarstöð.

Nánari upplýsingar um félagið má finna á heimasíðu þess,
www.ss.is

Menntaskólinn að Laugarvatni 70 ára

Menntaskólinn að Laugarvatni er þriðji elsti framhaldsskóli landsins og var stofnaður þann 12. apríl 1953. Haldið verður upp á stórafmæli skólans með hátíðardagskrá og opnu húsi þann 12. apríl 2023. Menntaskólinn að Laugarvatni þjónar Suðurlandinu öllu en hefur frá fyrstu tíð innritað nemendur víðsvegar að af landinu. Við skólann eru heimavistir og nánast allir nemendur skólans íbúar á heimavistinni sem ljær skólanum og starfi hans hlýlegan blæ sem skapast af sterkum tengslum. Sterkar hefðir sem grundvallast í 70 ára arfleifð hafa mótað skólastarfið og ekki síst þann kærleiksanda sem skólasamfélagið einkennist af.

Í raun má þó líta þannig á málið að saga Menntaskólans að Laugarvatni hefjist við stofnun Héraðsskólans á Laugarvatni árið 1928 og því um ríflega aldarsögu að ræða. Böðvar Magnússon og Ingunn Eyjólfssdóttir seldu jörð sína svo að hægt yrði að reisa skóla á Laugarvatni. Jónas Jónsson frá Hriflu varð menntamálaráðgjafi árið 1927 og var talsmaður þess að skóli yrði stofnaður að Laugarvatni og fór svo að Guðjón Samúelsson, húsameistari ríkisins, teiknaði húsnæði Héraðsskólans og verður að teljast með glæsilegustu byggingum á Íslandi. Það var svo Bjarni Bjarnason, skólastjóri héraðsskólans, sem barðist ótúlega fyrir því að stofnaður yrði Menntaskóli að Laugarvatni árið 1953 en sú barátta tók sex ár lauk með því að við Laugarvatni reis menntaskóli.

70 árum síðar er enn blóm-



Málþing kynjafræðinema.

legt starf í Menntaskólanum að Laugarvatni og mikið líf og fjör, eins og vera ber með 16-19 ára nemendahóp. Við skólann starfa tæplega 40 manns og þar nema á bilinu 130-150 nemendur hverju sinni. ML er einstaklega lán-samur að hafa yfir öflugu og faglegu starfsliði að ráða sem leggur metnað sinn og alúð í að hlúa að nemendum og velferð þeirra. Skólastarfið er öflugt og blómlegt og nýtur þess að vera staðsett í náttúru- og útivistarparadís að Laugarvatni. Útivist, tónlist og leiklist hafa ætíð sett sterkan svip á skólastarfið og sem dæmi átti ML á fyrri árum til að tjalda sterkustu bridge spilurum landsins. Tryggt nemenda við skólann og umhverfi hans og fólkið á staðnum er óviðjafnanleg og nemendasamfélagið er öflugt.

Tryggt útskrifaðra ML-inga við skólann er einstök og ár hvert júbílæra útskrifaðir nemendur við skólann og þá snúa 5, 10, 15 og svo framvegis, ára stúdentar aftur að Laugarvatni og eyða saman einni kvöldstund í gamla skólanum sínum. Margir júbílantar

eru einnig viðstaddir útskrift og samfagna þannig með nýjum stúdentum. Útskriftarárgangarnir vinna saman að því að færa skólanum gjafir og býr skólinn að miklu ríkidæmi í samfélagi útskrifaðra ML-inga. Því það er sannarlega ævilangt hlutverk að vera ML-ingur. Sameiginleg reynsla skapar tengsl og árin þrjú til fjögur sem fólki dvelur í samneyti við jafnaldra sína á mótunarárunum marka djúp spor í ungar sálir og skapa tengsl sem oft vara ævina á enda.

En hvert er hlutverk framhaldsskóla í sveit í nútímasamfélagi? Fyrst og fremst að tryggja nemendum aðgang að öflugu bóknámi en ekki síður að hlúa að þeim nemendum sem stunda nám við skólann og stuðla að því að þau fari með sterkan grunn út í lífið að lokinni dvöl við skólann. Dvöl á heimavist eflir félagsþroska svo um munar og félagslífið, félagsskapurinn og samveran verður oft og tíðum grunnur að vinasamböndum sem endast nemendum ævilangt. Að dvelja á heimavist með jafningjum sínum og oftast en ekki bestu vinum er mikil lífsreynsla og sameiginleg reynsla þeirra sem dvelja hér saman mótast einstaklinga til framtíðar. Ekki síst í því ljósi að hér er samfélag sem nemendur tilheyrast en það að tilheyrast er það sem við flest þráum, að eiga bakland, að finnast maður tilheyrast samfélagi þar sem maður skiptir máli.

ML vill tileinka sér faglega nálgun á flest það sem máli skiptir. Til að mynda látum við jafnrétti okkur varða og hér má líta mynd af nemendum fyrsta bekkjar á málþingi kynjafræðinema sem haldið var í hátíðarsal Háskóla Íslands. ML hefur verið í fremstu röð varðandi kennslu kynjafræði í áratuðir enda er hún skyldufag á fyrsta ári í skólanum. Kynjafræði skoðar staðalimyndir og stöðu kynjanna á ýmsum sviðum samfélagsins út frá kenningum félagsvísinda. Auk þess er komið inn á fleiri félagslegar breytur eins og kynhneigð, kynþátt, holdarfar og fleira. Nemendur læra að líta gagnrýnum augum á ýmsa hluta menningar okkar eins og atvinnulífið, fjölmiðla, klám, klámvæðingu, ofbeldi og fleira. Í kynjafræðináminu gefst tækifæri til þess að setja upp hin svokölluðu kynjagleraugu þar sem skoðuð eru valdatengsl kynja og kynhlutverka.

Lýðræðisleg nálgun á félagsstarf og virk þátttaka nemenda í skóla- og félagsstarfi er grund-

völlur blómlegs félagslífs í ML og gott uppeldi fyrir unga fólkið enda viljum við að þau verði virkir þátttakendur í lýðræðissamfélaginu á Íslandi. ML er skóli hefða og nemendur og starfsfólk finna fyrir þeim ríku hefðum og þeirri sögu sem fylgir skólanum. Hefðir þarf þó að endurskapa í ljósi breyttra tíma og nemendur fá að taka virkan þátt í að endurnýja og endurskapa hefðir eins og við á en einnig er þeirra hlutverk að standa vörð um það sem er gott grundvallað í kærleika, því það má ekki glatast. Stjórn nemendafélagsins í ML starfar náið með stjórnendum og hér má sjá nýkjörna stjórn Mímis sem tók til starfa nú í febrúar 2023.

Á afmælisári skólans sendir ML Sunnlendingum öllum heillakveðjur og þakkar fyrir farsælt samstarf undanfarinna 70 ára. Heill sé Menntaskólanum að Laugarvatni og hann lengi lífi!

Jóna Katrín Hilmarsdóttir,
Skólameistari ML



Skírn 2023.



Nýkjörin stjórn Mímis.

Aðalsafnaðarfundur Selfossóknar 2023



Aðalsafnaðarfundur Selfossóknar verður haldinn í safnaðarheimili Selfosskirkju þriðjudaginn 14. mars kl. 17:00.

Dagskrá aðalsafnaðarfundar:

Málefni sóknarinnar verða þar rædd, starfsskil og reikningsskil sóknarnefndar sem og verkefni og starf næsta starfsárs.

Dagskrá fundarins er með þessum hætti (sbr. Starfsreglur um sóknarnefndir www2.kirkjan.is/node/11364):

1. Gerð grein fyrir starfsemi og rekstri sóknarinnar á liðnu starfsári.
2. Afgreiðsla reikninga sóknar og kirkjugarðs fyrir sl. ár, ásamt fjárhagsáætlun næsta árs.
3. Greint frá starfsemi héraðsnefndar og héraðsfundi.
4. Ákvörðun um meiriháttar framkvæmdir og framtíðarskuldbindingar.
5. Kosning sóknarnefndarmanna og jafnmargra varamanna til 4ra ára.
6. Kosning tveggja skoðunarmanna eða endurskoðanda sóknar og kirkjugarðs og varamanna þeirra til árs í senn.
7. Önnur mál.

Sjá nánar www.selfosskirkja.is



Ágætu íbúar á Selfossi DÓSASÖFNUN

Sunddeildar UMF Selfoss

verður laugardaginn næsta 11. mars

Þið getið klippt pennan miða út úr blaðinu til að merkja pokana. Vinsamlega setjið pokana nálægt gangstéttinni þannig að þeir verði sýnilegir frá götunni. Vaskir sundiðkendur munu síðan frá 10:30 koma og tína upp pokana. Kveðja, krakkarnir úr sunddeildinni og stjórnin.

Upplýsingar í síma 861 9105

Sigurhæðir, eign okkar allra



Jóna Ingvarsdóttir, formaður Soroptimistaklúbbs Suðurlands og Hildur Jónsdóttir, verkefnastjóri Sigurhæða, taka á móti veglegri gjöf frá Jóhönnu Þorvaldsdóttur í Krílafló. Mynd: Dagskráin/HGL

Allan febrúarmánuð var uppi Ásvokallaður góðgerðarbás í Krílafló á Selfossi. Í góðgerðarbásnum voru seld barna- og full-orðinsföt og ýmislegt fleira gegn vægu verði og öll innkoman rann óskipt til Sigurhæða. Dagskráin leit við sl. mánudag þegar Jóhanna Þorvaldsdóttir, eigandi Krílafló, afhenti Sigurhæðum ágóðann.

Við erum alsælar

„Mér finnst þetta hafa gengið alveg stórkostlega og við erum óskaplega þakklátar fyrir að hafa fengið tækifæri á að vera með bás hér í Krílafló, það er bara algjörlega henni Jóhönnu að þakka. Við erum alsælar, þetta er eitthvað

sem við þurfum á að halda. Þetta er bæði góð auglýsing og virkilega flott framtak hjá Jóhönnu og öllum sem hingað komu til að versla og sýna stuðning í verki,“ segir Jóna Ingvarsdóttir formaður Soroptimistaklúbbs Suðurlands.

Engin spurning um að þetta verði endurtekið

„Þetta gekk vel, við söfnumum 141.497 krónum og Krílafló ætlar að rúna upphæðina upp í 150.000. Við erum rosalega glöð að fá stuðninginn og tækifæri til að vekja athygli á svona frábæru starfi eins og Sigurhæðir eru að vinna sem er algjörlega nauðsynlegt í okkar samfélagi. Í góðgerðarbásinn

föru óskilamunir hëðan frá okkur og þær úr Soroptimistaklúbbum voru duglegar að koma með fót til að fylla á básinn. Við seldum allt á klink og fólk var rosalega glatt að fá kannski ónotaðan kjól á 500 eða 1000 kr. Margir viðskiptavinir komu hingað í þeim erindagjörðum einum að kíkja á góðgerðarbásinn því þeir vildu leggja góðu málefni lið. Þetta er verkefni sem er engin spurning um að við munum endurtaka,“ segir Jóhanna Þorvaldsdóttir, eigandi Krílafló.

Skapar samtál um Sigurhæðir

„Svona framtak eins og hjá henni Jóhönnu í Krílafló er alveg einstaklega skemmtilegt, bæði tryggir hún það að það skapist samtál um hvað Sigurhæðir eru við kunnann og hér yfir afgreiðsluborðið af því að konur sem koma og sjá þessi flottu fót á lágu verði þær náttúrulega spyrja, sjá merki Sigurhæða og spyrja hvað Sigurhæðir séu. Þetta framtak sýnir okkur svo vel það sem er svolítil mantra hjá okkur, það er að Sigurhæðir eru ekki bara eitthvert verkefni Soroptimistaklúbbsins, Sigurhæðir eru eign okkar Sunnlendinga, eign okkar allra, er samfélagsverkefni sem við eignum öll hlutdeild í og aðgang að,“ segir Hildur Jónsdóttir, verkefnastjóri Sigurhæða að lokum. HGL



Mynd: Facebookíða Kvenfélags Hraungerðishrepps.

Kvenfélag Hraungerðishrepps 90 ára

Kvenfélag Hraungerðishrepps fagnar 90 ára afmæli um þessar mundir, en félagið var stofnað 5. mars 1933 af tuttugu og sex konum og hefur það starfað óslitið síðan. Enn í dag er félagið virkt og starfa um þrjátíu

konur á öllum aldri í félaginu og ávallt eru grunngildin þau sömu: að láta gott af sér leiða, vera til staðar, styðja og styrkja þar sem þörf er hverju sinni.

Það er skemmtilegt og gefandi að starfa í kvenfélagi

þar sem samheldni og samstaða ríkir og allir stefna að því sama þar sem mannaðurinn fær að njóta styrkleika sinna. Nýjar konur eru ávallt velkomnar að taka þátt í starfinu.

Flóahreppur

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - Sími 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápa viðgerðir - Almennar raflagnir

prentmet
heilðarlausnir í prentun

HREINSITÆKNI
Stíflulosun
Rotþróahreinsun
Vélsópun
Lagnafóðrun
Hellismýri 9, 800 Selfoss
selfoss@hrt.is - Sími 892 2136
www.hrt.is

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bilverk BA
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

BRACAF VINÁTTUL
Fæst hjá
BYKO Selfossi

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun
okuland.is

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Rétting og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

Pípulagnir Júlla
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Sími 772 1456 - ornja@bt.net.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnabjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

NÝTT
Vinnuvélanámskeið
á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is